

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988, öðlast gildi hinn 15. nóvember 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um húsbrefakaup lífeyrissjóða.

1. gr.

Lífeyrissjóðum er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbrefum á almennum markaði, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1988.

2. gr.

Samningar lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnunar ríkisins um húsbrefakaup skulu fara fram árlega og ná yfir 2ja ára tímabil. Samráð skal haft við félagsmála- og fjármálaráðuneyti. Samningar skulu fara fram fyrir 1. október ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76/1989 sbr. lög nr. 86/1988 og öðlast gildi 15. nóvember 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrissjóðum er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum með því að kaupa húsbref fyrir 10% af ráðstöfunarfé sínu árin 1990 og 1991. Hámarkslánsréttur umsækjanda, sbr. 12. gr. l. 86/1988, miðast við að samanlögð kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum og húsbrefum sé a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé þeirra. Endurskoða ber hlutfall þetta vegna húsbrefakaupa 1991 á fyrsta ársfjórðungi 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.